

Kristnivæðing Íslendinga á landnáms- og söguöld

Í ljósi niðurstaðna frá fornleifauppgrefti á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði

Kristnitaka Íslendinga hefur lengi verið fræðimönnum hugleikið rannsóknæfni. Atburðir sem leiddu til lögleiðingar kristinnar trúar í stjórnskipan Íslendinga á Þingvöllum um aldamótin 999/1000 hafa verið skoðaðir ítarlega, líkt og ferlið sjálft, fyrir og eftir. Minna hefur verið rýnt í það hvernig kristið hugarfar og menning birtist í hversdegi almennings innan íslensks samfélags. Þessi framvinda er hér skilgreind sem kristnivæðing til aðgreiningar frá kristnitöku og kristnitökuferli, hugtaki sem notað er til þess að lýsa jafnt skipulögðu og tilviljanakenndu trúboði í aðdraganda og þeirrar aðlögunar sem átti sér stað í tengslum við lögtöku kristinnar. Til þessa hefur orðið kristnivæðing aðeins verið notað til þess að lýsa þeim breytingum sem hafa orðið á kristinni trúariðkun í nútímanum en ekki sem greinandi hugtak um hina síbreytilegu þróun hennar í gegnum aldirnar. Megintilgangur greinarinnar er að kynna hugtakið til sögunnar og að sýna um leið hvernig það getur nýst í umfjöllun um aðlögun kristni að síðum og venjum samfélagsins á hvaða tímasteiði sem er. Stuðst verður við fornleifauppgreft sem fram fór á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði á árunum 1998–1999 en ætlunin er að nýta hann hér sem dæmi um kristnivæðingu Íslendinga á landnáms- og söguöld. Lögð verður áhersla á að kristnivæðing Íslendinga á þessum tíma hafi verið liður í kristnivæðingu Evrópubúa almennt, meðvitað og ómeðvitað. Minjarnar á Þórarinsstöðum sýna hversu sterkt tengslanet kristinnar trúar var um alla álfuna en uppruna þeirra má rekja allt suður til Miðjarðarhafsins. Þess ber að geta að uppgrefturinn á Þórarinsstöðum hefur ekki verið skoðaður í þessu ljósi áður.

Hugtakið kristnivæðing

„Kristnitaka“ er hugtak sem lýsir því vel þegar kristin trúarbragðaskipti eru knúin fram með lögboði. Þá lýsa hugtökin „kristnun“ og „aðlögun kristni“ kristnitökuferlinu fyrir og eftir kristnitöku ágætlega. Í hugtakinu „kristnivæðing“ felst hins vegar annað og meira vegna þess að það beinist ekki að tímabundnu ástandi, heldur lýsir það þeim ævarandi breytingum sem kristnitaka eða trúarbragðaskipti fela í sér. Með hugtakinu er því hafnað að einhver einn þáttur mannlífs geti beinlínis tekið yfir annan, heldur er vísað til þess hvernig breytingar birtast í hversdeginum og daglegum athöfnum vegna stöðugrar togstreitu á milli gamalla og nýrra siða og venja. Kristnivæðingin tekur þannig aldrei enda, nema ef kristin trú verður aflögð eða yfirgefin.

Hugmyndin um sístæða kristnivæðingu innan kristinna samfélaga byggir ennfremur á því viðhorfi að ekkert sé sjálfsprottíð eða upprunalegt, heldur að allar hugmyndir séu í raun alltaf búnar til úr öðrum eldri. Að hugmyndin um hið upprunalega eða sjálfsprottna sé jafnframt blekking vegna þess að manneskjan er ætíð móttækileg fyrir þeim nýjungum sem hún kynnist og mætir á lífsleiðinni, enda þótt hún haldi um leið í eldri venjur og siði. Kristin trú varð þannig hluti af lífi almennings á landnáms- og söguöld án þess að eldri

siðir hafi horfið með öllu. Þetta þekkjum við sjálf þegar við erum á ferðalögum erlendis eða innanlands og sjáum eitthvað nýtt og spennandi sem aðrir eru að gera í nánasta umhverfi. Við tökum ekki bara með okkur heim allskonar minjagripa, heldur líka nýjar hugmyndir um matargerð eða innréttingar heima, skiptum jafnvel um trú eða sýn á lífið. Og þetta er einmitt sá grunnur sem framvinda mannlegs lífs er álitin byggja á núorðið — að allar breytingar og framfarir eigi sér stað fyrir tilstuðlan sívarandi samskipta og samræðna frekar en vegna lögboðs eða skipulagðs og óskipulagðs ferlis, enda þótt slíkt myndi oft vörður í framvinduna.

Hugtakið „kristnivæðing“ er í raun þýðing á enska orðtakinu *becoming* og þá *becoming Christian*. Það er notað til þess að skýra ferli þróunar og framvindu sem á sér sífellt stað í menningu mannsins og byggir að grunn til á hugmyndafræði síðnýlendustefnu (e. *post-colonialism*).¹ *Becoming Christian* sem er jú allt annað en kristnitaka (*Conversion to Christianity*) sem tekur til afmarkaðs atburðar og *Christianization* sem vísar til skipulagðs og tilviljanakennds trúboðs kristnitökuferlisins. Sem dæmi má nefna þá er að sama skapi orðin hefð fyrir því að þýða hugtakið *becoming modern* sem nútímavæðingu en nota *Modernization* um ferli hennar. Þá hefur hugtakið *becoming* einnig verið notað um aðra sambærilega framvindu, eins og til dæmis *Becoming Canadian* í umfjöllun um þá sem fluttu frá Íslandi vestur um haf seint á 19. öld. Þar urðu Vestur-Íslendingar einskonar afurð þeirra samfunda sem áttu sér stað á milli Íslendinga og innfæddra, enda þótt eiginleg skilgreining á hvorum hópnum fyrir sig sé ekki til eða í besta falli afar margbreytileg.²

Birtist nútímavæðingin á Íslandi ekki einmitt í því að eldavélum, útvörpum og öðrum tækninýjungum var bætt við í torfbæina án þess að þeir tækju í raun stórum breytingum að öðru leyti og fólkið hélt áfram að lifa sínu daglega lífi? Það gerðist ekki svo snögglega og smám saman bættust fleiri tæki við og húsin breyttust. Alþjóðavæðingin er af sama meiddi en hún einkennist af togstreitu á milli hins gamla og nýja, sem birtist í nýjungagirni en líka fastheldni. Kristnitaka eða kristnitökuferli er þannig ekki nóg til þess að lýsa trúskiptum í hversdagsmenningu og daglegu lífi, því þau eru sjaldnast snöggleg, undirbúin eða sjálfsprottin, enda þótt að baki þeim kunni oft að liggja skipulagður eða óskipulagður áróður eða hreinlega lögboð.

Landnám Íslands og kristnitakan

Talið er að kristnitakan á Íslandi hafi að mestu verið friðsöm.³ Sameiginlegt og sögulegt minni okkar um hana byggir fyrst og fremst á lýsingum Ara Þorgilssonar í Íslendingabók (1122–1133) á þeim atburði sem leiddi til lögtöku kaþólskrar kristni hérlendis á Þingvöllum um aldamótin 999/1000 en það var eftir að Þorgeir Ljósvetningagoði kom undan feldi sínum eftir þriggja daga legu og íhugun. Víðar er fjallað um þennan atburð sem ætíð hefur skipað ríkan sess í sögu þjóðarinnar. Adam frá Brimum greinir frá honum á undan Ara, þ.e. um 1075, í *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum* en síðar er honum lýst í *Kristni sögu* á 13. öld og í nokkrum Íslendingasögum, eins og *Njálu* og *Laxdælu*.

¹ Chris Gosden, *Archaeology and Colonialism: Cultural Contact from 5000 BC to the Present*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004.

² Ágústa Edwald, *From Iceland to New Iceland: An Archaeology of Migration, Continuity and Change in the late 19th and early 20th Centuries*, doktorsritgerð, Aberdeen: University of Aberdeen, 2012.

³ Sjá t.d. Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland: Priests, Power and Social Change 1000–1300*, Oxford: Oxford University Press, 2000; Gunnar Karlsson, *History of a Marginal Society. Iceland's 1100 years*, London: Hurst, 2001, bls. 33–37; Jón Víðar Sigurðsson, *Det norrøne samfunnet. Vikingen, kongen, erkebiskopen og bonden*, Oslo: Pax forlag, 2008, bls. 73.

Það þarf því engan að undra að lengst af hafi gjarnan verið litið svo á þessi tiltekni athurður hafi markað upphafið að kristni Íslendinga. Frásögn Ara er líka frábær lýsing á atburðarásinni á Þingvöllum. Hún getur vel hafa átt sér stað í raunveruleikanum, enda þótt Ari kunni að hafa fært örlítið í stílinn. Þarna deila jú helstu höfðingjar landsins um að lögleiða nýja trú í stjórnskipan þjóðarinnar og um leið að gerast aðilar að Rómarkirkju, þó með undanþágum frá reglum hennar um barnaútburð og hrossakjötsát. Íslendingar tilheyrðu þar með erkibiskupsstólnum í Hamborg-Bremen fram til ársins 1104 þegar erkibiskupsstóll var stofnaður fyrir Norðurlöndin í Lundi, enda þótt höfuðstöðvar kaþólsku kirkjunnar hafi alla tíð verið í Róm.

Þessar miklu breytingar á lögum og stjórnskipan Íslendinga hafa án efa átt sér nokkurn aðdraganda. Þess vegna er venjulega talið að kristnitökufæri hafi hafist nokkru fyrir kristnitökuna fyrir tilstilli bæði tilviljanakenndrar útbreiðslu kristni og skipulagðs trúboðs.⁴ Á hinn bóginn þá veitir lýsing Ara, rétt eins og hugmyndin um afmarkað kristnitökufæri fyrir og eftir kristnitökuna, ekki innsýn í hina eiginlegu kristnivæðingu Íslendinga. Um hana eru nefnilega til aðrar sögur sem má finna í bæði fornleifum og fornnum textum en þær lýsa ekki síður vel þeirri kristilegu mótun sem var í gangi á landnáms- og söguöld — og er enn. Kristnivæðingin átti sér nefnilega ekki síst stað í hversdagsmenningu almennings og sýnir hvernig breyttar trúarlegar áherslur náðu smám saman fótfestu í norrænni menningu og eru enn í sífelldri mótun. Þær birtast í grafsíðum, jafnt sem veraldlegum byggingum eða kirkjum á öllum tímum. Engin ástæða er þó til þess að draga í efa að kristnitakan hafi verið afar mikilvæg pólitísk ákvörðun tekin af leiðandi höfðingjum landsins, hugsanlega í þeim tilgangi að halda völdum sínum og stöðu innan íslensks samfélags enda naut sú hugmyndafræði sem kristnin bar með sér töluverðra vinsælda meðal almennings víðast hvar í Evrópu snemma á víkingaöld. Undanfari hennar birtist í markvissu trúboði, ekki síður en í ómeðvitaðri útbreiðslu. Þá eru fræðimenn sammála um að hið skipulagða trúboð á Íslandi hafi verið skammvinnt og einkum beinst að höfðingjum landsins fyrir tilstilli Noregskonungs með aðstoð engilsaxneskra og þýskra presta.⁵ Hins vegar þykir ljóst að þekking á kristinni trú var þá þegar til staðar innan íslensks samfélags en áhrifin komu augljóslega víða að.⁶ Þetta kann að hafa auðveldað til mikilla muna hina pólitísku ákvörðun sem kristnitakan fól í sér en segir minna um kristnivæðinguna, sem með tíð og tíma mótaði samfélagið og hugsunarhátt fólks.

Rannsóknir síðustu ára hafa auk þess sýnt fram á að landnemarnir — víkingarnir — hafi ekki komið frá einhverju einu tilteknu landsvæði innan N-Evrópu, eins og áður var talið, heldur er litið á þá sem einskonaflökkubjóð — svonefnd *diaspora* — enda þótt uppruni þeirra hafi verið að mestu verið það sem kallað er norrænn. Núorðið kjósa fræðimenn þess vegna frekar að tala um *Viking Diaspora* í umfjöllun um hugmyndafræði og sjálfsvitund víkinga, líkt og þegar fjallað er um gyðinga, en að tengja þá við ákveðið landsvæði í Skandinavíu. Eigi að síður eru þeir sem fyrr skilgreindir sem samstæður þjóðfélagshópur en án landfræðilegrar afmörkunar.⁷ Rannsóknir á erfðafræðilegri

⁴ Hjalti Hugason, *Kristni á Íslandi*, bindi I: Frumkristni og upphaf kirkju, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9.

⁵ Jón Vidar Sigurdsson, *Kristninga í Norden 750–1200*, Osló: Det Norske Samlaget, 2003.

⁶ Hjalti Hugason, *Kristni á Íslandi I*, bls. 135–140.

⁷ Sjá t.d. Judith Jesch, „Myth and Cultural Memory in the Viking Diaspora“, *Viking and Medieval Scandinavia* 1/2009 bls. 221–226; Steinunn Kristjánsdóttir, „The Vikings as a Diaspora — Cultural and Religious Identities in Early Medieval Iceland“, *Viking Settlements and Viking Society*, ritstj. Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Hið íslenska fornleifafélag, 2011, bls. 422–436; Lesley Abrams, „Diaspora and Identity in the Viking Age“, *Early Medieval Europe* 1/2012, bls. 17–38.

samsetningu íbúa landsins styðja þessa kenningu sem sýna að uppruni Íslendinga er afar fjölbreyttur.⁸

Landnám Íslands á 9. öld var þannig hluti af þróun og útbreiðslu þjóðfélaganna við N-Atlantshaf, í Skandinavíu og á Bretlandseyjum sem hófst öld áður. Talað hefur verið um viðskiptaleg samtök víkinga en þeir skildu eftir spor sín allt frá A-Evrópu til N-Ameríku í vestri. Hringlaga nælur, eitt helsta skartið sem skandinavískar konur báru á klæðum sínum á víkingaöld, hafa fundist á Íslandi, Írlandi, Englandi, Skotlandi, Normandí, Rússlandi og Úkraínu.⁹ Hins vegar tók það kristna hugmyndafræði um 1000 ár að breiðast samhliða út frá austasta jaðri rómanska ríkisins þvert yfir Evrópu og alla leið til hinnar nýbyggðu eyju nyrst í Atlantshafi, Íslands. Danir tóku kristni hálfri öld á undan Íslendingum og Norðmenn fimm árum fyrr. Þá hafði kristnin náð töluverðri útbreiðslu á Írlandi, Skotlandi, Wales, Englandi og Þýskalandi á undangengnum öldum. Loks urðu pílgrímsgöngur til Rómar snemma vinsælar en síðar einnig til Niðaróss og fleiri helgra staða, líka meðal Íslendinga rétt eins og hjá öðrum kaþólskum þjóðum.¹⁰

Kristnivæðingin hafði því væntanlega þegar sett mark sitt á fólkið sem kom til Íslands við landnámið og hún hélt vissulega áfram aldirnar eftir landnám og kristnitöku — og auðvitað lengur. Sem dæmi má nefna að írskir annálaritarar lýsa samskiptum kristinna manna og heiðinna víkinga, sem margir hverjir tóku fljótt skírn eða áttu í tryggum vinskapi við kristna heimamenn. Þar er talað um vonda og góða víkinga. Þá er greinilegt af textum sömu annála að tengsl voru mikil og samskipti tíð meðal kirkjunnar manna innan alls umdæmis erkibiskupsstólsins í Niðarósi eftir að hann kom til sögunnar árið 1153. Umdæmi hans náði jú yfir gamalkunnugt yfirráðasvæði víkinga, Orkneyjar, Suðureyjar, Hjaltland, Færeyjar, Grænland og Ísland, auk Noregs.¹¹ Þetta samstarf kann því að hafa byggt á gömlum merg. Landnámsfólk á Íslandi kom nefnilega frá þessum sömu svæðum sem þegar á landnámsöld voru menningarlega séð undir áhrifum mismunandi greina kristinnar trúar.¹² Þórshamarinn svonefndi, sem af mörgum er talinn mótaður undir kristnum áhrifum, hefur fundist um allt þetta landsvæði landsvæðis, auk Rússlands.¹³

Talið er að Evrópubúar hafi almennt sótt fyrirmynd kristinnar menningar til Rómar og víðast reynt að fylgja henni í byggingum og stíl, enda þótt fastheldnin í hið gamla hafi ætíð verið áberandi.¹⁴ Kirkjan og kirkjugarðurinn á Þórarinstöðum sýnir einmitt hvernig gamlir tímar takast á við nýja í deiglu kristnivæðingarinnar. Minjarnar þar segja sína sögu — sögu sem rímar vel við sögu Ara af kristnitökunni, víðfeðmum samskiptum á landnámsöld sem

⁸ Agnar Helgason, J. Sigurðardóttir, J. Gulcher, R. Ward og Kári Stefánsson, „mtDNA and the origin of the Icelanders: Deciphering signals of recent population history“, *American Journal of Human Genetics* 3/2000, bls. 999–1016; Einar Árnason, Hlynur Sigurgíslason and Eiríkur Benedikz, „Genetic homogeneity of Icelanders: fact or fiction“, *Nature Genetics* 4/2000, bls. 373–374.

⁹ Lesley Abrams, „Diaspora and Identity in the Viking Age“, bls. 23.

¹⁰ Simon Coleman og John Elsner, *Pilgrimage: Past and Present in the World Religions*, Cambridge: Harvard University Press, 1995; Hjalti Hugason, *Kristni á Íslandi I*, bls. 18–38.

¹¹ *Islandske annaler indtil 1578*, upphaflega gefið út af Gustav Storm fyrir Det norske historiske Kildeskriftfond árið 1888, Christiania: Grøndahl & Søns Bogtrykkeri, 1977.

¹² Sjá t.d. Nora Behrend (ritstj.), *Christianization and the Rise of Christian Monarchy: Scandinavia, Central Europe, and Rus' c. 900–1200*, Cambridge: Cambridge University Press, 2007; Else Roesdahl, „Scandinavia in the Melting-pot, 950–1000“, *Viking Settlements and Viking Society*, ritstj. Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Hið íslenska fornleifafélag, 2011, bls. 347–374; Sæbjörg Walaker Noreide, *The Viking Age as a Period of Religious Transformation*, Turnhout: Brepols, 2012.


¹³ Lesley Abrams, „Diaspora and Identity in the Viking Age“, bls. 23.

¹⁴ Sjá t.d. Simon Coleman og John Elsner, *Pilgrimage: Past and Present in the World Religions*, bls. 104–114; Ton Derks og Nico Roymans (ritstj.) *Ethnic Constructs in Antiquity. The Role of Power and Tradition*, Amsterdam: Amsterdam University Press, 2009, bls. 1–9.

og kristnivæðingunni en það er einmitt það umhverfi sem minjarnar á Þórarinsstöðum verða staðsettar í og skoðaðar hér og nú.

Þórarinsstaðir í Seyðisfirði

Þórarinsstaðir eru í dag eyðijörð utarlega í sunnanverðum Seyðisfirði. Jörðin er sögð hafa verið í byggð samfellt frá landnámi til 1960. Kirkjustæðið þar fannst fyrir tilviljun árið 1938 þegar grafið var fyrir súrheysgryfju á bænum. Þá fundust þar tvær grafir og leifar af byggingu.¹⁵ Staðurinn var ekki skoðaður nánar fyrr en 60 árum síðar, árið 1998, er uppgröftur hófst þar. Stóð hann yfir í tvö sumur. Grafnar voru upp 58 grafir á tímabilinu og grunnar tveggja timburkirkna frá tímum kristnitökunnar (mynd 1).¹⁶



Mynd 1. Grunnmyndin frá Þórarinsstöðum (Steingrímur Eyfjörð teiknaði).

Kirkjurnar tvær eru sérstaklega merkilegar fyrir það að vera af svonefndri stólpakirkjugerð sem talin er vera einkennandi fyrir elstu gerðir kirkna innan fyrrum áhrifasvæða víkinga í N-Evrópu. Kirkjugerðin er þess vegna oft nefnt trúboðakirkja, enda þótt stólpakirkja sé hið venjulega heiti hennar. Byggingaáferðin sjálf er ævafor en veraldlegar byggingar, allt frá útihúsum til íveruhúsa, voru byggð með þessum hætti víða í Evrópu en sérstaklega þar sem nóg var af timbri.¹⁷ Þegar kirkjurnar fundust á Þórarinsstöðum sumrin 1998 og 1999 var það í fyrsta skipti sem kirkja af þessari gerð var grafinn upp á Íslandi.¹⁸ Nú hafa fundist

¹⁵ Sigurður Magnússon, „Beinafundur á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði“, Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1970, 1971, bls. 75–78.

¹⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, doktorsritgerð, GOTARC Serie B, no. 31, Gautaborg: Göteborgs universitet, 2004.

¹⁷ John McNicol, *Plasseringen av de første kirkene i Norge i forhold til de hedenske kultstedene*. KULT's skriftserie nr. 98, Oslo: Norges Forskningsråd, 1997; Jørgen H. Jensenius, *Trekirkene før stavkirkene. En undersøkelse av planlegging og design av kirker for ca. år 1100*, doktorsritgerð, CON-TEXT 6, Oslo: Arkitektøgskolen i Oslo, 2001, bls. 10–12, 70; Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 41–43.

¹⁸ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 41–43.

leifar að minnsta kosti fjögurra annarra stólpakirkna við fornleifauppgrefti hérlendis, að Neðri-Ási, Hrisbrú í Mosfellsdal, í Keldudal og Seylu í Skagafirði.¹⁹

Stólpakirkjur einkennast af fjórum eða fleiri niðurgröfnum hornstöðum í framkirkju og einnig í það minnsta tveimur til viðbótar í kór, ef sérstakur kór var á kirkjunni. Á milli stólpanna stóð timburveggur — stafverk — á steinsyllum, flötum steinum sem mynduðu grunn kirkjunnar. Lítið er vitað um yfirbyggingu stólpakirknanna því engin kirkja af þessari elstu gerð timburkirkna er nokkurs staðar til varðveitt uppistandandi, ólíkt stafkirkjunum sem eru taldar vera af annarri kynslóð þeirra. Það er þó alsendis óvíst því þær voru fyrst byggðar upp úr aldamótunum 1100 í Noregi og eru nánast eingöngu til þar.²⁰ Í flestum löndum N-Evrópu tóku steinkirkjur yfirleitt við af stólpakirkjunum, nema á Íslandi þar sem við tóku torfkirkjur og Noregi þar sem trékirkjur byggðar með stafverkstækni leystu þær af hólmi. Á þessu hafa þó verið undantekningar, þar sem annars staðar, en í öllum tilvikum var um blandaðan byggingarstíl að ræða. Þá er stundum talið að torfkirkjurnar hafi verið klæddar að innan með stafverki eða tréverki. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að stólpakirkjur og torfkirkjur, með eða án stafverks, voru í notkun samtímis á Íslandi, því sem dæmi má nefna stóð torfkirkja á bænum Stöng í Þjórsárdal um árið 1000 og var hún því samtíða kirkjunni á Þórarinsstöðum.²¹ Ef horft til þeirrar staðreyndar að stíltegundir gripa og bygginga eru ætíð afurð menningarbundinnar þekkingar, sprottnar af öðrum eldri, þá kann að vera að þessir tveir ólíku kirkjubyggingastílar eigi rætur sínar að rekja til mismunandi greina kristinnar trúar og að þær hafi þrífist hér báðar á tímum kristnivæðingarinnar á landnáms- og söguöld.

Kirkjuhald á Þórarinsstöðum

Hér að framan var talað um tvær kirkjur á Þórarinsstöðum. Í raun er um eina kirkju að ræða af tveimur byggingarstigum. Báðar stóðu þær á sama stað á brekkubrún undir brattri fjallshlíð, skammt austan við Þórarinsstaðabæinn. Sú eldri eyðilagðist í eldsvoða og var þá ný kirkja reist á grunni hennar, sömu gerðar en örlítið stærri. Eldri kirkjan á Þórarinsstöðum var væntanlega byggð um árið 1000, jafnvel nokkru fyrr, sé tekið mið af aldri kirkna af sömu gerð í N-Evrópu. Kolefnisaldursgreiningar styðja þessa greiningu en þær gáfu niðurstöður sem ná frá 10. til 12. aldar. Þá styðja gripirnir sem fundust við uppgröftinn á minjunum á Þórarinsstöðum einnig aldursgreiningu kirkjustæðisins til þessa tímabils. Einna órækasta vísbendingu um aldur gefur hins vegar silfurmynt sem fannst þar sem hún lá ofan á brunnu timburverki eldri kirkjunnar en þak og veggir höfðu augljóslega fallið undan brekkunni við eldsvoðann, enda stóð hún í nokkrum halla þarna á brekkubrúninni. Myntin var slegin í Danmörku í tíð Harðaknúts á árunum 1035–1042 en athygli vakti strax að hún var óbrennd þegar hún fannst. Það bendir til þess að hún hafi hafnað ofan á brunalaginu eftir að áfallið dundi yfir og kirkjan brann.²²

Kirkjuhaldi á Þórarinsstöðum var síðan að öllum líkindum hætt í litlu timburkirkjunni á 12. öld, eftir nokkuð brösugt gengi. Kirkjustæðið kann að hafa verið óhentugt eða hlutverk hennar breyst á tímum skipulagningar kirkjunnar sem alþjóðlegrar stofnunar.

¹⁹ Lísabet Guðmundsdóttir, Viðargreining á fornur kirkjuviðum frá 11. og 12. öld. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, 2013.

²⁰ Sjá t.d. Jørgen H. Jensenius, *Trekirkene før stavkirkene*, bls. 10–12, 70.

²¹ Villhjálmur Örn Vilhjálmsson, „Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur“, Nordsjøen — Handel, religion og politikk, ritstj. Jens Flemming Krøger, Karmøy: Vikingfestivalen, 1996, bls. 119–139.

²² Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 72, 84.

Hennar er t.d. ekki getið í kirknaskrá Páls biskups árið 1200. Eina kirkjan í Seyðisfirði er þá handan fjarðar, á Dvergasteini. Kirkjan á Dvergasteini er aftur nefnd í Vilchinsmáldaga Hítardalsbókar, sem er frá 14. öld, og sagt að hún eigi hlut í landi Þórarinsstaða, leigukúgildi, messuklæði og tvær kirkjuklukkan.²³ Engin formlega rekin kirkja er hins vegar nefnd, enda þótt ekki sé útilokað að þar hafi þá staðið bænhús en á öðrum stað innan jarðarinnar. Öðrum sögum fer ekki af kirkju á Þórarinsstöðum í rituðum heimildum, nema í þjóðsögu af dvergum sem fluttu kirkju sína yfir fjörðinn þegar kirkja var reist í norðanverðum Seyðisfirði. Kirkjustaðurinn var nefndur Dvergasteinn og hefur heitið svo síðan.²⁴

Varðveisluskilyrði voru tiltölulega slæm á kirkjustæðinu á Þórarinsstöðum enda þótt grunnnum kirkjubygginganna hafi ekki verið raskað að neinu marki í seinni tíð, nema þar sem súrheysgryfjan hafði verið grafin. Skemmdirnar af völdum hennar voru samt minniháttar. Bein í gröfum höfðu hins vegar í flestum tilfellum varðveist mjög illa. Svo var sem að skriða hefði fallið yfir vestari hluta kirkjugarðsins, ef til vill þegar hann var enn í notkun. Gamla kirkjustæðið kann því að hafa verið óhentugt vegna grjóthruns. Stóru grjóti hafði líka verið raðað meðfram syðri langvegg yngri kirkjunnar, hugsanlega til að verja hana grjóthruni. Byggingatimbrið sjálf hafði varðveist betur. Bæði fundust leifar af endum stoðanna í stoðarholunum og eins timburverkið sem féll undan brekkunni þegar eldri kirkjan varð eldi að bráð. Illu heilli var nokkuð af því fjarlægt þegar súrheysgryfjan var grafin norðan undir kirkjustæðinu. Loks fundust örlitlar timburleifar hér og hvar í kirkjugrunnunum en sjálfsagt hefur mest af því verið endurnýtt í aðrar byggingar á bænum eftir að hætt var að nota kirkjuna. Aðra sögu er að segja af kistuleifum en um helmingur grafanna voru kistugrafir. Þær voru líka verr varðveittar en timbrið í kirkjunum.²⁵

Á báðum kirkjubyggingunum var sérstakur kór í minna formi en framkirkjan. Gólfíð var líka töluvert hærra í kórnum. Sjálfsagt hafa tröppur — ein til tvær — legið úr framkirkjunni upp í kórinn. Gera má ráð fyrir að þær hafi verið úr timbri eins og gólfíð, því ekkert moldargólf fannst. Kirkjurnar voru annars litlar. Eldri kirkjubyggingin hefur verið 4,8 m á lengd og 2,7 m á breidd að kór meðtöldum, mælt að innanmáli. Þegar kirkjan var endurbyggð eftir brunann var hún stækkuð til norðurs og vesturs. Um leið var inngangurinn, sem var á vesturgafli, færður til. Þar voru stórar hellur en á þeim hafa dyrastafirnin staðið, hugsanlega skreyttir eins og gjarnan var gert í þá daga, en ekkert hafði orðið eftir af þeim. Mældist kirkjan með kór eftir stækkun 6,4 m á lengd og 4 m á breidd að innanmáli. Fjórar stoðarholur fundust í hornum framkirkjunnar og tvær í kór, eins og í þeirri eldri. Þær stærstu voru í framkirkju eldri kirkjunnar og mældust þær allt að 1 m í þvermál. Aftur á móti voru stoðarholurnar í kórnum helmingi minni. Holurnar voru allar fóðraðar með steinum en í botni þeirra var steinhella. Í einni stoðarholunni, í suðvesturhorninu, fundust að auki tvær svínstennur.²⁶ Tiltölulega auðvelt var að greina úr hvaða trjátegundum kirkjan var byggð af þeim timburleifum sem fundust bæði í stoðarholum og við kirkjugrunnana. Niðurstöður greininganna eru þær að kirkjan hafi verið byggð úr rekaviði sem var safnað af strandlengju Seyðisfjarðar þangað sem við rekur í talsverðum

²³ Diplomatarium Islandicum III, Íslenskt fornbréfasafn, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896, bls. 233.

²⁴ Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II, Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna, Reykjavík: Þjóðsaga og Hólar, 1954, bls. 72.

²⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 56.

²⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 38.

mæli enn þann dag í dag. Frekari greining sýndi að bolirnir sem notaðir voru sem stöðir voru af trjám sem höfðu vaxið í köldu loftslagi eins og er í Síberíu.²⁷

Samtals voru 58 grafir opnaðar við uppgröftinn sumrin tvö, 1998 og 1999. Lágu þær allt í kringum kirkjustæðið en einnig í gólfi kirkjunnar sjálfrar. Þær takmörkuðu beinaleifar sem fundust í gröfunum bentu til þess að konurnar hefðu verið grafnar norðan megin við kirkjubygginguna og karlarnir sunnan megin. Barnsgrafirnar, sem voru sjö, voru í öllum tilvikum nema einu staðsettar í kringum kórinn. Þetta skipulag kemur í raun ekki á óvart vegna þess að þessi siður — að velja legstað handa hinum látnu eftir aldri og kyni — er vel þekktur úr elstu kirkjugörðum á öllum Norðurlöndunum. Siðurinn leggst af á 12. öld samfara skipulagningu kirkjunnar sem stofnunar en þá tekur við skipan grafa sem miðast við fjölskyldutengsl.²⁸ Það að hann skuli vera við lýði á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði undirstrikar á hinn bóginn að Ísland var á söguöld hluti af norðurevrópsku samfélagi.

Gripir

Fleiri vísbendingar um tengsl og samskipti norðurevrópska samfélaga fundust við uppgröftinn en það voru gripirnir, sem segja má að hafi verið ríkulegri en við var að búast úr rúst kirkju úr öndverðri kristni á Íslandi. Þeir undirstrika ekki aðeins sterk tengsl við útlönd, heldur sýna fram á hvernig innlendir efniviður var nýttur við iðkun nýs siðar en um leið fastheldnina á þann gamla. Gripirnir sem fundust eru þrír frístandandi steinkrossar höggur í móberg, altarissteinn úr porfýr, silfurhringur með þekktu víkingaaldarskrauti, perla, dönsk silfurmynt og tvö met. Trúarleg merking steinkrossanna og altarissteinsins undirstrika mikilvægi byggingarinnar sem kirkju, á meðan hringurinn, perlan, myntin og metin gefa til kynna hvernig gamli tíminn tekst sífellt á við nýjan.

Krossinn, í sínum ótalmörgu birtingarmyndum, hefur verið notaður sem tákni kristinnar frá öndverðu. Krossinn hefur verið nýttur sem skart, merking á leiði, ritaður á bókfell, ristur á leirker og veggj svo dæmi séu tekin um notkun hans í daglegu lífi. Krossar hafa sömuleiðis verið höggur í stein sem skúlptúrar eða minnismarki og tákmynd þeirra notuð til auðkenningar á gröfum eða helgum stað, einkum við fyrstu vígslu hans sem slíks.²⁹ Afar erfitt getur hins vegar reynst að aldursgreina krossa eina og sér, enda þótt lögun þeirra og gerð geti vissulega verið afar mismunandi eftir tímabilum og samfélögum. Venjulega er þess vegna stuðst við fundaraðstaður við aldursgreiningar á þeim. Sé tekið mið af þessu þá eru krossarnir sem fundust á Þórarinsstöðum án efa frá 11. öld, jafnvel eldri ef þeir hafa upphaflega verið notaðir til að tákna helgan stað. Ekki hafa svo gamlir steinkrossar fundist áður hérlendis í heilu lagi. Krossarnir virðast hafa verið frístandandi og ekki tengst neinni sérstakri gröf, enda þótt óvissa ríki um einn þeirra sem ekki var á upprunalegum stað þegar hann fannst. Ljóst er þó að allir stóðu þeir norðan og austan megin við kirkjustæðið og þá hlið þess sem veit að hafi.

Fyrsti krossinn fannst við uppgröftinn sumarið 1998 en þó var það ekki ljóst fyrr en síðar að þetta var kross, því hann er örlítið veðraður og ekki var þá vitað til þess að

²⁷ Steinunn Kristjánsdóttir, Nicola Macchioni og Simone Lazzari, „An Icelandic medieval church made of drift timber: the implications of the wood identification“, *Journal of Cultural Heritage* 2/2001, bls. 97–107.

²⁸ Bertil Nilsson, *Kvinnor, män och barn på medeltida begravningsplatser*, Projektet SVERIGES KRISTNANDE, Publicationer 3, Uppsala: Lunne Böcker, 1994; Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 54–55.

²⁹ Ian Fisher, *Early Medieval Sculptures in the West Highlands*, Monograph Series 1, Edinburgh: Royal Commission on The Ancient and Historical Monuments of Scotland and The Society of Antiquaries of Scotland, 2001, bls. 8–11; Sæbjörg Walaker Noreide, *The Viking Age as a Period of Religious Transformation*, bls. 265–277.

krossar hefðu verið höggðir í stein svo snemma á Íslandi. Botn þessa kross er flatur, líklega til þess að hann geti staðið einn og sér, en hann lá á hliðinni þegar hann fannst norðanmegin á kirkjustæðinu á Þórarinsstöðum. Engin gröf var þar nálægt. Hæð krossins er 45 cm (mynd 2).



Mynd 2. Kross, höggvinn í stein, stóð við kirkjuna á Þórarinsstöðum. Lögur hans og gerð má rekja til N-Þýskalands, hvar erkibiskupsstóll Íslendinga var á 11. öld (ljósmynd: Jónas Hallgrímsson).

Næsti kross fannst sumarið eftir. Hann lá einnig, eins og sá fyrri, á hliðinni þegar hann fannst en að kórbaki. Því miður var hann brotinn þegar hann fannst en allflest brotin úr honum lágu á sama stað. Aðeins vantar annan arm hans. Eftir að krossinn hafði verið límdur saman var hann mældur og reyndist hæð hans vera 53 cm. Þriðji og síðasti steinkrossinn sem fannst var minnstur þeirra allra og einna verst farinn af veðrun. Hann er 36 cm á hæð og fannst í jafri súrheysgryfjunnar. Ekki er því vitað hvar þessi litli kross stóð nákvæmlega á meðan kirkjan var í notkun, enda þótt segja megi með nokkurri vissu að hann hafi staðið norðan megin við kirkjuna þar sem gryfjan var grafin.³⁰

Steinkrossarnir þrír eru allir höggðir í móberg sem víða er til á Íslandi, þar á meðal í fjallstoppum Seyðisfjarðar. Þrátt fyrir að krossarnir séu gerðir úr innlendu efni, er lögur þeirra og gerð vel þekkt erlendis. Sambærilegir krossar hafa fundist — eða hafa staðið ofanjarðar um aldir — víða í N-Evrópu. Flesta þeirra er þó að finna meðfram vesturströnd Noregs, í austanverðum Noregi, á Bretlandseyjum og nyrst á meginlandi Evrópu. Færri eru varðveittir í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi þótt þeir hafi fundist þar líka.³¹

³⁰ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 60–64.

³¹ Sæbjörg Walaker Noreide, „Steinkors og korssteiner i nordvestre Europa“, *Collegium Medivale* 1/2011, bls. 127–148, hér bls. 133–139.

Krossarnir frá Þórarinsstöðum eru enn sem komið er þeir einu sem hafa fundist frá tímum kristnitökunnar á Íslandi.

Um miðja síðustu öld stóð norskri guðfræðingurinn Fridtjov Birkeli fyrir nákvæmri rannsókn á slíkum steinkrossum og flokkaði þá niður eftir lögun og aldri. Samkvæmt greiningum hans falla krossarnir frá Þórarinsstöðum að týpu 1.2 sem eru litlir einfaldir krossar án skrauts og með rúnnaða arma.³² Flokkun Birkelis er enn í fullu gildi. Aftur á móti þá hafa kenningar um uppruna þeirra breyst umtalsvert á undanförunum árum. Birkeli rakti gerð allflestra krossanna á vesturströnd Noregs til keltneskrar kristni á Bretlands-eyjum.³³ Frekari rannsóknir á allra síðustu árum, einkum unnar af norska fornleifafræðingnum Sæbjörgu Walaker Nordeide sýna hins vegar að lögun og gerð krossanna þar hefur orðið fyrir sterkum áhrifum víðar að, eins og frá Hamborg-Bremen, hugsanlega fyrir tilstilli engilsaxnesks trúboðs. Hafa ber í huga að erkibiskupsstóll Íslendinga var þá þar. Á þetta ekki síst við steinkrossa af týpu 1.2, þeirri gerð sem Þórarinsstaðakrossarnir tilheyra.³⁴

Altarissteinninn fannst í kór kirkjunnar. Hann er gerður úr porfýr, sumsé grænn á lit með hvítum doppum. Þótt merkilegur sé, lætur steinninn lítið yfir sér, er 2,5 cm þykkur, 5,5 cm breiður og 6,3 cm langur. Báðar hliðar hans eru fægðar rennisléttar en endarnir ekki. Það er því hugsanlegt að brotnað hafi af báðum endum hans. Erfitt er að segja til um hvort altarissteininn tilheyrði eldri eða yngri kirkjubyggingunni en hann lá nálægt stoðarholunum sem þar voru að sunnanverðu. Eflaust hefur hann tilheyrt þeim báðum.³⁵

Tvær megingerðir af altarissteinum voru til á þessum tíma. Það voru annars vegar fastir altarissteinar sem voru greyptir ofan í ölturun ef þau voru úr tré eða hafðir í sérstökum tréramma ofan á altarinu, ef altarið sjálft var ekki gert úr altarissteini. Hins vegar voru það lausir altarissteinar sem prestar gátu borið með sér þegar þeir sinntu þjónustustörfum utan kirkju eða messuðu í kirkjum þar sem enginn altarissteinn var en ekki var leyfilegt að messa án þeirra.³⁶ Til eru um 35 altarissteinar úr kaþólskum sið hér á landi. Marmari, granít eða porfýr voru eftirsóknarverðustu gerðir steintegunda fyrir altarissteina, a.m.k. fyrst í stað. Sumir telja að þeir hafi orðið að vera úr þessum steintegundum en héraendis eru til varðveittir nokkrir altarissteinar úr innlendu bergi, t.d. rauðu andesít, auk innfluttra steintegunda. Það á þó einkum við þá sem yngri eru.³⁷ Ef til vill var það vegna þess að marmara, granít og porfýr er ekki beinlínis að finna við túnfótinn heima. Porfýr, eins og steinninn frá Þórarinsstöðum er gerður úr, finnst nefnilega aðeins í einni námu í

³² Fridtjov Birkeli, *Norske steinkors i tidlig middelalder. Et bidrag til belysningen av overgangen fra norrøn religion til kristendom*, Oslo: Universitetsforlaget, 1973; Sæbjörg Walaker Nordeide, „Steinkors og korssteiner i nordvestre Europa“, bls. 128, 135.

³³ Fridtjov Birkeli, *Norske steinkors i tidlig middelalder*.

³⁴ Sæbjörg Walaker Nordeide, „Steinkors og korssteiner i nordvestre Europa“, bls. 135–140.

³⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 66–67.

³⁶ Magnús Már Lárusson, „Altar, altarstenar“, *Kulturhistorisk Leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid till refomationstid I, col. ABBED-BLIDE*, Kaupmannahöfn: Roskilde og Bagge, 1956, bls. 114–115; Sten Tesch, „Tidigmedeltida sepulkralstenar i Sigtuna“, *Situne Dei* 2007, bls. 45–68, hér bls. 48–49.

³⁷ Kristján Mímísson og Bjarni F. Einarsson, „Ora et labora“. Efnisveruleiki klausturlífs á Kirkjubæjarklaustri“, *Endurfundir, ritstj. Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2009, bls. 44–57, hér bls. 52–53; Steinunn Kristjánsdóttir, *Sagan af klaustrinu á Skriðu*, Reykjavík: Sögufélag, 2012, bls. 96.

samnefndu fjalli í austurhluta Egyptalands þaðan sem hann var fluttur eftir Níl og áfram til Miðjarðarhafslandanna. Hann varð fljótt ein verðmætasta hrávara í gerð altarissteina meðal yfirstéttarinnar í rómanska ríkinu.³⁸ Verðmæti altarissteinsins frá Þórarinsstöðum er því ótvírætt og í raun merkilegt til þess að hugsa að þónokkrir aðrir altarissteinar úr verðmætum innfluttum steintegundum séu til varðveittir á söfnum landsins. Altarissteininn frá Þórarinsstöðum kann þannig að tengja kirkjuhald þar við hið formlega og skipulagða trúboð í landinu frekar en hin óskipulagða, nema að hann hafi borist til landsins með pílgrímum. Altarissteinninn hefur væntanlega verið greypur í tréaltari kirkjunnar eða hafður þar í ramma en leifar af linditré fundust nærri þeim stað sem hann lá þegar hann fannst. Þetta kunna að vera leifar úr rammanum, nema að altarið sjálft hafi verið smíðað úr linditré.³⁹

Fingurhringurinn, sem er gerður úr silfri, fannst í gröf 22. Var gröfinni valinn staður nokkru vestan við kirkjuna, ekki langt frá innganginum í hana. Var þessi gröf engin undantekning frá lélegri varðveislu á staðnum en lífrænar leifar í henni voru svo að segja orðnar að moldu þegar uppgröfturinn fór fram. Ekki er því hægt að varpa frekara ljósi á fundaraðstæður, nema að líkast til var um gröf fullorðins einstaklings að ræða, ef horft er til stærðar hennar. Ekkert bendir til þess að hinn látni hafi verið jarðaður í kistu, eins og margir aðrir sem þarna voru greftraðir. Gröfin snéri í austur-vestur, eins og venja var um kristnar grafir, en þannig snéru þær allar í kirkjugarðinum nema ein. Áttahorf þeirrar grafar var norður-suður.⁴⁰

Enda þótt gröfin sjálf veiti ekki miklar upplýsingar má skoða hringinn og fundaraðstæður hans nánar. Fingurhringir voru sjaldgæfir sem skart á landnáms- og söguöld, ef marka má fæð þeirra sem varðveittir eru frá þessum tíma hérlendis. Fólk bar frekar annarskonar skart, hálsbauga eða hálsfestar, auk þess sem nælur og vopn voru ríkulega skreytt. Fáir fingurhringir eru líka til varðveittir frá búsetusvæðum víkinga í N-Evrópu og aðeins fjórir á Íslandi, að Þórarinsstaðarhringnum meðtöldum. Þarna er varðveisluskilyrðum ekki um að kenna.⁴¹ Hringurinn sem fannst á Þórarinsstöðum er af einfaldri gerð fingurhringa frá víkingaöld. Hann er búinn til úr þunnum silfurþræði, snúinn saman í hnút sem myndar um leið einskonar blóm. Þetta er í raun þekkt tækni til að búa til skraut og var mikið notuð meðal norrænna víkinga á 9. og 10. öld. Sem dæmi má nefna þá er einn armhringanna, sem tilheyrir silfursjóðnum sem fannst við bæinn Miðhús við Egilsstaði fyrir nokkrum áratugum, gerður með nákvæmlega sömu tækni.⁴²

Sé horft til alls þessa, þá má vel halda því fram að hringurinn frá Þórarinstöðum sé frá þessum tíma, líklega þó erfðagóss sem eigandinn var jarðaður með. Hringurinn er þess vegna ekki endilega vísbending um að þessi einstaklingur hafi verið heiðinn, þ.e. að um sé

³⁸ Sten Tesch, „Tidigmedeltida sepulkralstenar i Sigtuna“, bls. 49–54.

³⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, Nicola Macchioni og Simone Lazzeri, „An Icelandic medieval church made of drift timber“, bls. 105.

⁴⁰ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 68–70.

⁴¹ Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, Reykjavík: Norðri, 1956, bls. 333; James Graham-Campell, „The Serpent's Bed: Gold and Silver in Viking Age Iceland — and Beyond“, *Viking Settlements and Viking Society*, ritstj. Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Hið íslenska fornleifafélag, 2011, bls. 103–131.

⁴² Þór Magnússon, „Silfursjóður frá Miðhúsum í Egilsstaðahreppi“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1982, 1983, bls. 5–20, hér bls. 17.

að ræða haugfé, heldur bendir hann til þess að það þurfi ekki að vera tengt trú að jarða nákomna með eigin sínar. Þetta er tilhneiging sem vel er þekkt frá öllum tímum, enda þótt magn þeirra gripa sem lagðar voru í grafir hafi vissulega verið mismunandi á mismunandi tímum.⁴³

Perlan fannst rétt utan við innganginn í eldri kirkjubygginguna eða rétt innan við hann ef miðað er við þá yngri. Perlan er úr innfluttum tálguasteini, grá á lit. Þvermál hennar er 1,2 cm.⁴⁴ Perlur af ýmsum gerðum var eitt algengasta skartið sem norrænir víkingar báru, jafnt konur sem karlar. Þær voru bornar um hálsinn sem festar, gjarnan margar saman en stundum bara stakar. Perlurnar voru oftast búnar til úr gleri, leir, beini eða rafi, sem er trjákvöða. Perlur úr steini eru hins vegar sjaldgæfastar.⁴⁵ Mörg hundruð skrautperlur hafa fundist hérlendis frá landnámsöld en bænaperlurnar sem komu til sögunnar með kaþólskri kristni tóku við af þeim. Bænaperlurnar voru þræddar á talnabönd og notaðar þegar farið var með Mariúbæirnir eða Faðirvorið. Þær gátu verið úr rafi, leir, beini, gleri og steini, rétt eins og þær sem víkingarnir báru um háls sér. Perlan frá Þórarinsstöðum er líklega skrautperla en ekki er hægt að útiloka að hún hafi einhvern tíma verið þrædd á talnaband og notuð sem bænaperla.

Líkt og áður getur þá varpaði myntin sem fannst óbrennd ofan á brunnu timburverki eldri kirkjunnar ljósi á aldur kirkjustæðisins. Myntin var hins vegar ekki heil, heldur var þetta einn fjórði úr mynt.⁴⁶ Algengt var á landnáms- og söguöld að silfurmyntir og annað silfur væri bútað niður og nýtt þannig sem skiptimynt. Þá var allur gjaldmiðill vigtaður en ekki talinn í stykkjatali. Myntin var slegin í tíð hins danska Harðaknúts á árunum 1035–1042 en um er að ræða eftirlíkingu af engilsaxneskri mynt. Skandinavískir konungar hófu að gera eftirlíkingar af engilsaxneskum myntum árið 1014 og auðkenndu með nafni sínu.⁴⁷

Það er frekar sjaldgæft að stakar myntir frá þessum tíma finnist á Íslandi, rétt eins og annars staðar á þeim svæðum þar sem víkingar komu. Mynt- eða silfursjóðir eru algengari. Engu að síður hafa að minnsta kosti 17 myntir eða myntbrot frá 800–1050 fundist hérlendis. Rétt er þó að benda á að tveir silfurmyntsjóðir hafa fundist hér, sem fjölgar fundnum myntum frá landnáms- og söguöld úr 17 í samtals 389. Flestar stöku myntanna hafa fundist við fornleifauppgrefti á gröfum eða bæjarstæðum en ein er lausafundur.⁴⁸ Myntin frá Þórarinsstöðum er hins vegar sú eina sem hefur fundist við uppgröft á kirkjustæði á Íslandi. Hún er líka eina danska myntin sem hefur fundist í jörðu á Íslandi til þessa en hinar eru af ýmsum uppruna: norskar, enskar, þýskar og arabískar.⁴⁹

⁴³ Sjá t.d. Roberta Gilchrist, „Magic for the Dead? The Archaeology of Magic in Later Medieval Burials“, *Medieval Archaeology* 1/2008, bls. 119–159, hér bls. 121.

⁴⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 74–75.

⁴⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, *Íslenskar perlur frá víkingaöld: með viðauka um perlur frá síðari öldum*, MA-ritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2005, bls. 53, 66.

⁴⁶ Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 71–72.

⁴⁷ Anton Holt, „Mynt frá víkingöld og miðöldum fundin á Íslandi á síðari árum“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1998, 2000, bls. 85–93, hér bls. 87, 91.

⁴⁸ Anton Holt, „Mynt frá víkingöld og miðöldum fundin á Íslandi á síðari árum“, bls. 85–91; Svein H. Gullbekk, „Money and its Use in the Saga Society: Silver, Coins and Commodity Money“, *Viking Settlements and Viking Society*, ritstj. Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Hið íslenska fornleifafélag, 2011, bls. 176–188, hér bls. 177–178.

⁴⁹ Anton Holt, „Mynt frá víkingöld og miðöldum fundin á Íslandi á síðari árum“, bls. 85–91.

Undirstrika ber að í tímans rás hafa myntir ekki aðeins þjónað hlutverki gjaldmiðils, heldur einnig sem áheiti, fórnir, skart eða píligrímamerki.⁵⁰ Nú á dögum er víða algengt að kasta myntum í gosbrunna eða laugar til áheita eða einfaldlega til gamans. Yfir 50.000 stakar myntir hafa fundist við uppgrefti á kirkjugrunnum í Skandinavíu og eru þær alla jafna túlkaðar sem ummerki eftir áheiti til þeirra.⁵¹ Aðeins þetta eina myntbrot fannst á Þórarinsstöðum. Það lá utan við kirkjubygginguna sjálfa, svo varla er um áheiti til hennar að ræða. Það kann að vera að einhver kirkjugesta hafi misst það á leið til guðspjónustu eða eftir að hafa vitjað leiðis í kirkjugarðinum. Sjálfsagt hefur sá hinn sami haft hana meðferðis til kirkjunnar vegna viðskipta, ef til vill vegna verslunar eða til greiðslu á tíund, en vel er þekkt að viðskipti hverskonar hafi verið stunduð í helgum jafnt sem veraldlegum húsum á þessum tíma. Það sem styður enn frekar við þá kenningu að kirkjan á Þórarinsstöðum hafi verið notuð í viðskiptalegum tilgangi eru metin tvö sem fundust í framkirkju hennar. Þau hafa verið notuð til að veða silfrið. Metin tvö eru mismunandi að gerð en eru bæði úr blýi. Annað er kúlulaga, þó með tveimur flötum hliðum. Á annarri eru tákni. Hitt er hólklaga en réttthyrnt. Bæði metin eru húðuð, það kúlulaga með járnri en það hólklaga með kopar. Táknið á því er gert úr tveimur hringjum sem eru tengdir saman með að minnsta kosti níu skástrikum. Tvær ryðkúlur hafa myndast á því og nær önnur yfir skrautið svo erfitt er að sjá hvort strikin hafi verið fleiri. Þau hafa hugsanlega átt að tákna ákveðnar mælieiningar sem sagt hefur til um þyngd metsins. Kúlulaga metið er 2 cm í þvermál en það hólklaga er 3 cm langt og 1 cm þykkt. Þessar mælingar segja hins vegar lítið til um þyngdareiningar þeirra. Erfitt er að finna út upphaflega þyngd beggja metanna vegna ryðkúlanna á hinu kúlulaga og vegna eyðingar á koparhúð þess hólklaga.⁵²

Þau met sem hafa fundist á búsetusvæðum norrænna manna í Evrópu á landnáms- og söguöld, að Íslandi meðtöldu, eru einmitt flest kúlulaga og oftast með flötum hliðum. Mörg hver eru skreytt en venjulega eru tákni rist á flötu hliðarnar.⁵³ Flest eru þau líka gerð úr innfluttu blýi, fáein úr koparblöndu og oftast húðuð með járnri. Samtals hafa 76 met frá tímum viðskipta með silfur fundist á Íslandi, að meðtöldum metunum tveimur frá Þórarinsstöðum en telja má víst að þau séu frá tímabilinu frá landnámi til loka 12. aldar. Vigtað silfur — myntir og skart eins og silfurhringurinn — hverfa nefnilega af sjónarsviðinu sem gjaldmiðlar og við taka skreið og vaðmál.⁵⁴ Hætt var að nota svo lítil met og aðrar mælieiningar tóku við. Af þeim 76 metum sem hafa fundist héraendis, hafa 62 fundist í samtals 20 gröfum og tólf á bæjarstæðum.⁵⁵ Metin frá Þórarinsstöðum eru þau einu sem hafa fundist innan dyra í kirkju á Íslandi.

⁵⁰ Roberta Gilchrist, „Magic for the Dead? The Archaeology of Magic in Later Medieval Burials“; Svein H. Gullbeck, „Salvation and small change: Medieval coins in Scandinavian churches“, Nummi docent! Münzen — Schätze — Funde, Festschrift für Peter Ilisch zum 65. Geburtstag am 28. April 2012, ritstj. G. Dethlefs, A. Pol og S. Wittenbrink, Osnabrück: Numismatischer Verlag der Münzhandlung Fritz Rudolf Künker, 2012, bls. 227–233; Mark A. Hall, „Money isn't everything: The cultural life of coins in the medieval burgh of Perth, Scotland“, Journal of Social Archaeology 1/2012, bls. 72–91

⁵¹ Svein H. Gullbeck, „Salvation and small change: Medieval coins in Scandinavian churches“.

⁵² Steinunn Kristjánsdóttir, The Awakening of Christianity in Iceland, bls. 72–74.

⁵³ Heiko Steuer, „Gekerbte Gewichte der späten Wikingerzeit“, Fornvännen 1/1987, bls. 66–74, hér bls. 70–73.

⁵⁴ Svein H. Gullbeck, „Money and its Use in the Saga Society: Silver, Coins and Commodity Money“, Viking Settlements and Viking Society, ritstj. Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Hið íslenska fornleifafélag, 2011, bls. 176–188, hér bls. 179–180.

⁵⁵ Kristján Eldjárn, Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi (önnur útgáfa með viðauka eftir Adolf Friðriksson), Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 412–415.

Lokaorð

Kristnitaka Íslendinga um aldamótin 999/1000 hefur lengi verið fræðimönnum rannsóknæfni, líkt og ferlið fyrir og eftir hana. Hér hefur framvinda þess hvernig kristið hugarfar og menning birtist í hversdegi almennings innan íslensks samfélags á landnáms- og söguöld á hinn bóginn verið skilgreind sem kristnivæðing til aðgreiningar frá kristnitöku og kristnitökuferli. Megintilgangur greinarinnar er að kynna hugtakið kristnivæðing til sögunnar en sýna um leið fram á að kristnivæðing Íslendinga á landnáms- og söguöld hafi almennt verið liður í kristnivæðingu Evrópubúa. Kristnivæðing vísar til þeirrar togstreitu sem sífellt myndast á milli gamalla og nýrra siða, rétt eins og þegar nútímavæðingin bar með sér nýja strauma sem blönduðust hinum eldri, svo oft varð úr bræðingur gamalla og nýrra viðhorfa og venja. Tilhneiging til fastheldni í það hversdagslega getur verið svo rík, rétt eins og nýjungagirninn, að segja má að baráttan þarna á milli skapi í raun grunninn að hverskonar samfélagslegi framvindu.

Í greininni var stuðst við frásagnir úr rituðum heimildum til þess að greina ferli kristnivæðingarinnar á Íslandi á landnáms- og söguöld en einnig við fornleifauppgröft sem fram fór á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði á árunum 1998–1999. Þar var grafin upp kirkja og kirkjugarður úr öndverðri kristni á Íslandi en minjarnar benda til sterks tengslanets kaþólskrar kirkju um alla Evrópu á þessum tíma. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að þekking á grunnhugmyndafræði kristinnar trúar hafi verið útbreidd meðal fólksins sem varð að Íslendingum þegar við landnámið; þekking sem hefur án efa haft áhrif á þá opinberu stefnu sem tekin var af stjórnvöldum þessa tíma á Íslandi við kristnitökuna. Þetta sýna sögur Ara, rétt eins og sögurnar um samskipti kristinna manna og norrænna víkinga innan samfélaga við N-Atlantshafið á landnámsöld og sagan sem hér var sögð af kirkjunni á Þórarinsstöðum. Þrátt fyrir að hún láti vissulega ekki í té heildarmynd af kristnivæðingu Íslendinga er hún engu að síður fyrirtaks dæmi um útbreiðslu kristinnar frá suðri norður til Íslands. Byggingarstíll kirkjunnar, skipulag legstæða innan kirkjugarðs, steinkrossarnir og altarissteinninn láta í ljós vel þekkta kristna siði undir áhrifum frá allri Evrópu, allt suður til Miðjarðarhafs. Aðrir gripir, myntin, metin, fingurhringurinn og hugsanlega perlan, lýsa hins vegar nútímavæðingunni sem átti sér stað þá sem nú. Gamlir hlutir eru notaðir í bland við nýja, jafnt innlendir sem útlendir. Sumt í tísku, annað ekki. Saman segja minjarnar sögu um það hvernig kristnivæðingin bar með sér áhugavert og fróðlegt ferli samskipta byggt á samspili fastheldni og nýjungagirni. Fleiri sögur eru án efa ósagðar af kristnivæðingu Íslendinga sem ekki er enn lokið, ekki nema ef því væri haldið fram að við værum nú á skeiði afkristnunar enda þótt evrópsk menning muni að líkindum lengi bera merki kristnivæðingar miðalda.